



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldin í húsnæði Þyts þann 3. nóv. 2021.

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 22:18

Fundinn sátu: Árni Ársælsson (ÁÁ), Arnar Þór Stefánsson (APS), Margrét Birna Þórarinsdóttir (MBÞ), Markús Pétursson (MP), Ólafur Arnarsson (ÓA).

Fundargerð ritaði: MBÞ

ÁÁ vék af fundi 21.07.

APS vék af fundi 21.45

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

Fundargerðir 17.3.21 og 3.11.21 samþykktar.

2. Staða á máli gagnvart ÍTH/Þrótt- og tómsfundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar og endurnýjun samninga.

Lögfraeðingur og formaður Þyts eru að leggja lokahönd á greinargerð þar sem farið er yfir samskipti félagsins við Þrótt- og tómsfundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar frá 2017 til dagsins í dag. Greinargerðin verður send formanni bæjarráðs.

3. Þytur verði endursöluaðili á litaðri olíu frá Olís

Erlendar gestaskútur geta ekki fengið afgreidda litaða olíu við höfnina ef eigendur hafa ekki íslenska kennitölu og greiðslukort. Klúbburinn sér sér ekki fært að sinna þessu. Formaður Þyts er þó líklegur sem hingað til að hjálpa skútufólki í vanda.

4. Verklag við val á þeim sem starfa með börnum hjá Þyt

Félagsmenn sem koma að starfa á einhvern hátt með börnum á vegum félagsins með beinum eða óbeinum hætti skulu skila inn sakavottorði skv. breytingum á íþróttalögum árið 2019. Samþykkt að merkja vel alla aðila sem koma með beinum eða óbeinum hætti. Allir sem koma að starfi séu til þess merktir. Með stækkandi félagi og auknum fjölda þátttakenda er nauðsynlegt að merkja vel.

Setja upp sýnilega tilkynningu fyrir félagsmenn um aðkomu að barnastarfi. Allir þeir sem koma að starfi með börnum skulu skila inn sakavottorði eða veita heimild til uppfléttingar í sakaskrá. Að öðrum kosti er fullorðnum, félagsmönnum eða öðrum óheimilt að starfa eða vinna með börnum innan klúbbsins. Formaður og varaformaður sjá um að veita leyfi.

5. Fjármögnun 6. bekkjar heimsóknna

Skólar hafa fjármagn til þess að greiða fyrir starf með börnum utan skóla. Mikil ánægja hjá skólum með framtakið. Þrjú starfsmenn þarf til að halda úti þessu verkefni. Samþykkt að gera texta fyrir skólastjórnendur og kennara áður en aftur er farið af stað með heimsóknir.

6. Staða á gæslubátum og samskipti við Sjóvá

SJÓVÁ hefur samþykkt að leiðrétta villu í útreikningum. Tjónið er meira en metið var í fyrstu. Félaginu ber að greiða sjálfsábyrgð og afskriftir. Samþykkt að ganga að tilboði SJÓVÁ og panta nauðsynlegan búnað sem fyrst svo unnt sé að standsetja gæslubát.



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

7. Uppgjör v. móts á Akureyri
Komst ekki á dagskrá.
8. Þrif húsin og fjáröflun 10 til 18 ára
Komið af stað. Næsta skref er að ákvarða kostnað við þrif. Biðja Helgu að finna reikning fyrir þrifum frá 2018.
9. Friðrik leigja turninn sem vinnuástöðu í vetur. Drög að samning
Friðrik leigja turninn sem vinnuástöðu í vetur. Drög að samning
Formaður og varaformaður eru að vinna drög að samningi fyrir við leigjandi. Verður tekið fyrir á stjórnarfundum.
10. Samstarf við sérdeild Setbergsskóla og tenging við Klett. Staðan
Gengur vel með nemendum í tilraunahópin. Nemendur komu í 6. Skipti í dag og eru að finna sig vel í starfinu, aðlögun gengur mjög vel. Sótt hefur verið styrk fyrir búnaði og áframhaldandi stafi. Til að tryggja stöðugleika hefur einnig verið óskað eftir því að festa kostnað í fjárlögum fjölskyldusviðs. Lokatakmarkið er að einstaklingar með sérþarfir fái þjálfun við hæfi og eigi þes kost að taka þátt í félagsstarfi. Nk. Miðvikudag verður haldin kynning fyrir foreldra drengja í tilraunahópi.
11. Kaup á rafmagnsmælum
Mælar eru uppseldir á landinu vegna Covid og berast ekki fyrr en í janúar. Formaður er að leita leiða til að kaupa mælana eftir öðrum leiðum til að flýta fyrir. MP mun ræða við þá sem þurfa rafmagn um það hvernig best er að fylgjast með rafmagnsnotkun þar til mælar berast.
12. Rukkun á félagsgjöldum
Vinna stendur yfir.
13. Rukkun önnur útstandandi mál
Klára að rukka inn tí standandi gjöld, rafmagn, keppnisúr og annað sem til hefur fallið.
14. Önnur mál
Unnið er í að svara fyrirspurn frá félagsmanni, svar verður lagt fyrir á næsta stjórnarfundum.